

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/9/03

frá 13. júní 2002

um breytingu á ákvörðun 2001/881/EB um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum (\*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 2113)

(2002/455/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/43/EB <sup>(3)</sup>, einkum 4. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB <sup>(4)</sup> er skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.
- 2) Að beiðni breskra yfirvalda og í kjölfar skoðunar á vegum bandalagsins ber að bæta skoðunarstöð í Peterhead-höfn við skrána.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi færslu er bætt við skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum fyrir Breska konungsríkið í viðaukanum við ákvörðun 2001/881/EB:

1	2	3	4	5
„Peterhead	0730699	P	HC-T(FR) (1)(2)(3) <sup>cc</sup>	

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júní 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 155, 14.6.2002, bls. 59. Hennar er getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2003 frá 14. mars 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29, 5.6.2003, bls. 2.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 162, 1.7.1996, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 326, 11.12.2001, bls. 44.